

## **12. Fundur atvinnu-, ferða- og menningarnefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2018-2022**

**Fundur haldinn í Félagsheimili Hrunamanna, 1. júlí 2020 kl. 20:00**

**Á fundinn mættu: Aron Nökkvi Ólafsson form AFM-nefndar, Hanna Björk Grétarsdóttir og Bessi Theodórsson frá Sonus Viðburðum.**

### **Vinnufundur fyrir viðburði sumarsins 2020**

Ástæða fundar var að ákveða og skipuleggja viðburði fyrir Júlí, Ágúst og byrjun September 2020. Í ljósi þess að verslunarmannahelgin 2020 þarf að vera í minni mæli en áður vegna áhrifa Covid-19, var ákveðið að skipuleggja minni viðburði yfir sumartímann í samvinnu við veitingastaði, gistiheimili og afþreyingastaði á Flúðum. Þetta er allt saman unnið í samstarfi við Bessa hjá Sonus Viðburðum.

Í upphafi fundar var farið yfir alla þá viðburði sem búið var að staðfesta fyrir sumarið, svo var farið yfir þá daga sem mögulega væri hægt að bæta við litlum viðburðum. Skipulagðir voru 6 viðburðir, þar á meðal pubquiz, trúbador kvöld, bingó, karoke og fjölskylduratleikur.

Ákveðið viðburð, staðsetningu, dagsetningu og tíma hvers viðburðar.

Farið var betur yfir viðburðina sem haldnir verða um verslunarmannahelgina. Einnig var ákveðið að útbúa plaggöt með öllum þeim viðburðum sem í boði væru í júlí og ágúst mánuði á Flúðum. Annað plaggat verður einnig útbúið með upplýsingum um afþreyingu á svæðinu sem er opin daglega yfir sumarið.

Fundi slitið kl. 22:00